

Auka fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki
mánudaginn 1. desember 2025 klukkan 17:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Áslaug Sigvaldadóttir
varamaður og Sigurbjörg Ottesen, sem ritar fundargerð. Halldóra Ágústa Pálsdóttir, verkefnisstjóri hjá
KPMG situr fundinn við liði 1.- 4.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Útsvarsprósenta 2026

Oddviti leggur til að útsvarsprósenta haldist óbreytt, 14,97%.

Samþykkt samhljóða.

2. Fasteignaskattur 2026

Oddviti leggur til að fasteignaskattur verði óbreyttur frá fyrra ári.

0,5% af fasteignamati skv. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga

1,32% af fasteignamati skv. b-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga

0,5% af fasteignamati skv. c-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga

Lagt er til að eldri borgarar njóti 50% afsláttar af fasteignagjöldum af íbúðarhúsnæði.

Samþykkt samhljóða.

3. Gjaldskrár 2026

Sigurbjörg og Þröstur yfirgefa fundinn undir þessum lið.

Varaoddviti leggur til að eftirfarandi styrkir verði hækkaðir á árinu 2026:

Heilsuefning eldri borgara og öryrkja í Eyja- og Miklaholtshreppi: 60.000 kr. á ári.

Frístundastyrkur vegna íþróttar- og tómstundaiðkunar til barna og ungmenna á aldrinum 3-18
ára: 60.000 kr. á ári.

Styrkir vegna aksturs barna í Eyja- og Miklaholtshrepp: 75 kr. á hvern km. í 4. gr. og 5. gr. reglna.

Samþykkt samhljóða.

Oddviti falið að leggja fram uppfærðar reglur ofangreindra breytinga á næsta fundi.

4. Fjárhagsáætlun 2026-2029, fyrri umræða

Halldóra fór yfir fjárhagsáætlun 2026-2029.

Fjárhagsáætlun 2026-2029 tekin til fyrri umræðu.

5. Fundargerð 49. fundar Skipulags- og byggingarnefndar

Fundargerð 49. fundar Skipulags- og byggingarnefndar lögð fram til staðfestingar.

Fundargerðin er staðfest af sveitarstjórn.

Fleira var ekki gert. Fundargerð lesin upp, samþykkt og send í rafræna undirritun.
Fundi slitið kl. 18:15.

Undirritunarsíða

Herdís Þórðardóttir

Veronika G Sigurvinsdóttir

Þróstur Aðalbjarnarson

Sigurbjörg Ellen Ottesen

Áslaug Sigvaldadóttir